



Rannsóknarmiðstöð
um stjórnarhætti

Fyrirmyndarfyrirtæki í góðum stjórnarháttum

Umsögn um stjórnarhætti: Mannvit hf.

Viðskiptaráð Íslands, Samtök atvinnulífsins, Nasdaq OMX Iceland hf. og Rannsóknarmiðstöð um stjórnarhætti við Háskóla Íslands hafa tekið höndum saman um að efla eftirfylgni íslenskra fyrirtækja hvað varðar góða stjórnarhætti. Í þeim tilgangi er fyrirtækjum veitt tækifæri til að undirgangast formlegt mat á starfsháttum stjórnar og stjórnenda. Rannsóknarmiðstöð um stjórnarhætti hefur það mat með höndum. Söfnun gagna fer fram hjá ráðgjöfum eða öðrum aðilum sem Rannsóknarmiðstöðin telur hæfa til verksins. Rannsóknarmiðstöðin byggir mat sitt í meginatriðum á því hvort gögnin gefi til kynna að viðkomandi fyrirtæki fylgi leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja sem Viðskiptaráð Íslands, Samtök atvinnulífsins og NASDAQ OMX Iceland hf. gefa út. Þau fyrirtæki sem standast matið á framangreindum forsendum er veitt nafnbótin **Fyrirmyndarfyrirtæki í góðum stjórnarháttum** (e. Excellence in corporate governance) sem þeim er að öllu jöfnu heimilt að nota í starfi sínu í eitt ár frá veitingu hennar. Þessi viðurkenning er fyrst og fremst veitt til þess að ýta undir umræður og aðgerðir sem efla góða stjórnarhætti. Markmiðið er að matsferlið auki trúverðugleika og gagnsæi stjórnarháttanna fyrirtækja gagnvart hluthöfum og öðrum hagsmunaaðilum.

Rannsóknarmiðstöð um stjórnarhætti hefur ákveðið að fyrirtækið Mannvit hf. fái viðurkenningu sem Fyrirmyndarfyrirtæki í góðum stjórnarháttum. Meðfylgjandi umsögn er byggð á úttekt á stjórnarháttum sem unnin var af endurskoðendafyrirtækinu KPMG ehf. í mars 2012.

Niðurstaða úttektar KPMG ehf. á stjórnarháttum Mannvits hf. gefur skýra mynd af stjórnarháttum fyrirtækisins og bendir til þess að fyrirtækið geti að mörgu leyti verið öðrum fyrirtækjum til fyrirmyndar þegar kemur að góðum stjórnarháttum.

Eftirfarandi er samantekt á helstu niðurstöðum og umsögn Rannsóknarmiðstöðvar um stjórnarhætti:

Hlutverk stjórnar:

Til fyrirmyndar: Hlutverk stjórnar er skilgreint í samþykktum fyrir Mannvit og starfsreglum stjórnar. Stjórnin hefur bæði eftirlitshlutverk og stefnumarkandi hlutverk. Stjórnin hefur skilgreint hlutverk sitt með eftirfarandi hætti: „Hlutverk stjórnar Mannvits er að marka stefnu Mannvits og að hafa eftirlit með rekstrinum.“

Hvað má betur fara: Skilgreina mætti hlutverk stjórnar betur og að hlutverkið sé skilgreint í starfsreglum stjórnar. Formleg umræða þarf að eiga sér stað innan stjórnar um hvert hlutverk hennar eigi að vera. Einungis er fjallað um hvað eru „óvenjulegar“ eða „mikilsháttar“ ákvarðanir í fundargerð stjórnar en það er ákvörðun sem skrá þarf í starfsreglur stjórnar. Skilgreina þarf betur hvernig stjórn vill vinna með framkvæmdastjóra og hvert valdsvið hans er og jafnframt taka skýrari afstöðu til stjórnarstarfa framkvæmdastjóra.



Rannsóknarmiðstöð um stjórnarhætti

Verkefni stjórnar:

Til fyrirmyndar: Verkefni stjórnar eru ágætlega skilgreind. Verkefni stjórnar eru í samræmi við hlutverk og starfsreglur stjórnar. Upplýsingagjöf til hluthafa er mjög góð, opin og aðgengileg á rafrænu formi. Hluthafar hafa aðgang að hluthafagátt sem kölluð er Mímisbrunnur þar sem upplýsingum er komið á framfæri til hluthafa. Jafnframt má finna upplýsingar sem tengjast góðum stjórnarháttum á heimasíðu félagsins.

Hvað má betur fara: Stjórnin hefur ekki metið störf sín formlega með tilliti til þess hlutverks og þeirra verkefna sem hún hefur en gerðar hafa verið ráðstafanir til þess að gera það.

Skipulag stjórnar:

Til fyrirmyndar: Stjórnin er mjög virk miðað fjölda og lengd funda (21 stjórnarfundur á ári og 2,5 klst að jafnaði hver) og afgreiðslu mála. Stjórnarmenn virðast vel upplýstir um stöðu og stefnu fyrirtækisins og hafa greiðan aðgang að upplýsingum. Fundargerð er undirrituð í lok stjórnarfundar.

Hvað má betur fara: Stjórnin gæti skilgreint betur hvaða málefni þarf að taka fyrir á stjórnarfundum fyrir árið. Einnig þarf að skoða hvaða upplýsingar stjórnin þarf að fá og hvort að þörf sé fyrir upplýsingar sem koma frá óháðum útektaraðilum.

Starfshættir stjórnar:

Til fyrirmyndar: Stjórnin kannar reglulega hvort hún vinni samkvæmt starfsreglum. Lögð er áhersla að ná samkomulagi um ákvarðanir stjórnar. Félagið hefur sett sér ýmsar reglur varðandi samfélagslega ábyrgð, s.s. umhverfisstefnu, samgöngustefnu, gæðastefnu og jafnréttisstefnu.

Hvað má betur fara: Stjórnin hefur ekki sett sér sérstakar siðareglur eða reglur um viðskiptahætti.

Stjórnarmenn:

Til fyrirmyndar: Stjórnarmenn virðast hæfir til þess að sitja í stjórn félagsins. Stjórn félagsins skipa: Sigurður St. Arnalds, Jón Már Halldórsson, Eggert Aðalsteinsson, Pálina Gísladóttir, Sigurður Sigurjónsson, Gunnar Herbertsson og Claus Ballzus. Nýir stjórnarmenn eru upplýstir um starfsemi félagsins.

Hvað má betur fara: Fjölbreytni í stjórninni er ábótavant; einungis einn stjórnarmaður af sjö er kvenkyns (14,3% hlutfall), allir stjórnarmenn eru verkfræðingar og aldursdreifing er lítil. Allir stjórnarmenn eru jafnframt starfsmenn félagsins og hluthafar (eiga samanlagt 8,63% í félaginu) og þar af leiðandi er enginn óháður stjórnarmaður. Aukin fjölbreytni og óháðir stjórnarmenn myndu breyta stjórnarháttum félagsins og auka trúverðugleika stjórnarinnar gagnvart hagsmunaaðilum.

Með úttekt þessari er reynt eftir fremsta megni að leggja mat á hvort umrætt fyrirtæki fylgi áður nefndum leiðbeiningum um góða stjórnarhætti, byggt á þeim gögnum sem aflað er. Úttektin felur því ekki í sér endanlega staðfestingu á að allir þættir í stjórnun og rekstri fyrirtækjanna standist lög, reglugerðir, alþjóðleg viðmið eða tilmæli opinberra aðila. Úttektin ætti eigi að síður að veita hagsmunaaðilum mikilvæga innsýn í hvernig stjórnir og stjórnendur fyrirtækjanna haga störfum sínum almennt.